



RÍKISENDURSKOÐUN

GREINARGERÐ
UM FJÁRHAGSSTÖÐU
LÁNASJÓÐS ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

APRÍL 1991

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

1 ÚTISTANDANDI NÁMSLÁN

- 1.1 Þróun á undanförnum árum
- 1.2 Dreifing námslána
- 1.3 Flokkun námslána

2 FORSENDUR FRAMREIKNINGS Á STÖÐU OG FJÁRÞÖRF

- 2.1 Aukning kaupmáttar vegna áhrifa hagvaxtar
- 2.2 Takmarkanir á endurgreiðslu lána
- 2.3 Þróun ævitekna
- 2.4 Dánartíðni
- 2.5 Vanskil
- 2.6 Tekjumunur karla og kvenna
- 2.7 Árleg útlánaþörf
- 2.8 Innborganir þeirra sem nú eru í námi
- 2.9 Vaxtakrafa

3 NIÐURSTÖÐUR FRAMREIKNINGS Á STÖÐU OG FJÁRÞÖRF

- 3.1 Útlánnum hætt í árslok 1991
- 3.2 Útlánnum haldið áfram í samræmi við núgildandi útlánareglur
- 3.3 Útlán aukast um 2,5% á ári til ársins 2010.

4 MAT Á AFSKRIFTAÞÖRF VEGNA NIÐURFELLINGAR Á EFTIRSTÖÐVUM.

5 MAT Á VAXTANIÐURGREIÐSLU NÁMSLÁNA

6 KOSTNAÐUR RÍKISINS VIÐ NÁMSAÐSTOÐ

VIÐAUKAR

INNGANGUR

Í þessari greinargerð er fjallað um fjárhagslega stöðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Leitast er við að svara því hver staða sjóðsins er um þessar mundir og hvernig hún muni þróast í framtíðinni að óbreyttum útlánareglum. Ekki verður farið út í að lýsa daglegri starfsemi sjóðsins og skipulagi nema að því leyti sem það varpar ljósi á það efni sem hér er sérstaklega til umfjöllunar.

Nauðsynlegt er að líta á niðurstöður greinargerðarinnar í ljósi þeirra forsendna hún er byggð á. Sem dæmi mætti nefna forsendu um framtíðarþróun hagstærða. Gengið er t.d. út frá því við mat á endurgreiðslum námslána að tekjur muni að meðaltali vaxa um 1% á ári hérlendis næstu 40 ár fyrir tilstuðlan hagvaxtar. Mjög erfitt er að spá fyrir um þróun hagvaxtar eitt ár fram í tímann hvað þá þegar spáð er 40 ár fram í tímann. Nauðsynlegt er að byggja á slíkum forsendum vegna þess að endurgreiðslur námslána byggjast fremur á tekjum lánþega en á eftirstöðvum lánana.

Rétt er að fram komi að þær tölur sem hér eru birtar um kostnað ríkisins vegna aðstoðar við námsmenn, samsvara ekki þjóðhagslegum kostnaði við námslánakerfið. Þrátt fyrir að um sé að ræða háar fjárhæðir sem ríkið tekur á sig við námslánakerfið, skiptir það þó að sjálfsögðu mestu máli hver ávinningur þjóðfélagsins af aðstoð við námsmenn er í hlutfalli við kostnað þess við að veita aðstoðina. Slíkan samanburður er erfitt að framkvæma og verður ekki gerð tilraun til þess hér.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Lánþegar Lánasjóðsins eru tæplega 24 þúsund. Útistandandi námslán nema um 25 milljörðum króna, en sú fjárhæð hefur verið færð niður um 3,9 milljarðar króna í ársreikningi vegna lána sem ekki munu innheimtast að fullu vegna þeirra takmarkana sem eru á endurgreiðslum námslána.

Útlán sjóðsins dreifast þannig að um 60 prósent lántakenda skulda innan við 1 milljón króna. Aðeins um 1 prósent lántakenda skuldar 5 milljónir króna eða meira.

Ríkisframlög til sjóðsins hafa verið nokkuð sveiflukennnd á undanförunum árum. Á síðastliðnum áratug hefur hlutfall ríkisframlaga í fjármögnun sjóðsins sveiflast frá 50% til 90%. Sveiflur þýða í raun að á sumum árum hefur verið greitt meira en sem svarar kostnaði við námslánakerfið og önnur ár hefur verið greitt minna.

Helstu niðurstöður um fjárhagsstöðu Lánasjóðsins og kostnað við námsaðstoð eru eftirfarandi:

- Lánasjóðurinn getur staðið undir öllum núverandi skuldbindingum með eigin fé sínu.

Ef sjóðnum hefði verið lokað í árslok 1990 gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt ríkissjóði á nafnvirði rúma 9 milljarða af eigin fé sínu sem var rúmlega 13 milljarðar króna um síðustu áramót. Ef þessir 9 milljarðar eru færðir til núvirðis m.v. 6% ávöxtunarkröfu verður útkoman 3 milljarðar króna.

- Miðað við áframhaldandi starfsemi þarf sjóðurinn fyrirsjáanlega á miklum ríkisframlögum að halda á næstu árum vegna vaxtamunar inn- og útlána.

Ríkissjóður hefur lagt mikla fjármuni í Lánasjóðinn á undanförunum árum. Fyrirsjáanlegt er að framlög til sjóðsins þurfa að hækka á komandi árum vegna aukinnar fjárbindingar í sjóðnum og aukinnar ásóknar í námslán. Mikill vaxtamunur er á námslánnum sem ekki bera vexti og þeim lánum sem sjóðurinn þarf að taka til þess að fjármagna útlán. Vaxtamunur þessi er í dag rúmlega sex af hundraði. Fjárbinding í námslánakerfinu er í dag rúmir 20 milljarðar í vaxtalausum námslánnum að teknu tilliti til affalla vegna takmarkana á endurgreiðslum. Miðað við óbreytt útlán mun fjármagn sem bundið er í þessu kerfi verða um 40 milljarðar innan tíu ára og 60 milljarðar innan tuttugu ára.

Það er þó e.t.v. líklegra að útlán aukist nokkuð á komandi árum. Ef reiknað er með að útlán aukist um 2,5% á ári til ársins 2010 munu útistandandi námslán verða um 80 milljarðar króna eftir 20 ár, sem er fjórfjöldun á því fjármagni sem er bundið í kerfinu í dag. Þar sem námslánin eru vaxtalaus fellur allur fjármagnskostnaður af þessari fjárhæð fyrir eða síðar á ríkissjóð.

- Kostnaður ríkissjóðs við námslánakerfið er um 66% af veittum lánum m.v. að eigið fé sjóðsins á hverjum tíma nægi til að standa við skuldbindingar vegna lána. Er þá gert ráð fyrir að vextir af lánum sem sjóðurinn taki séu 6%

Sem nálgun mætti segja að ríkisframlag verði að samsvara um 66% af lánveitingum lánasjóðsins m.v. að eigið fé sjóðsins standi undir skuldbindingum en þær falli ekki síðar á ríkissjóð. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir að vextir af lánum sem sjóðurinn taki séu 6%. Ef ríkisframlagið er lægra er gengið á eigið fé sjóðsins og ef það er hærra er verið að auka við eigið fé sjóðsins. Ef veitt námslán yrðu árlega 3,8 milljarðar þyrfti ríkisframlag skv. framansögðu að vera 2,5 milljarðar á ári og lántaka um 1,7 milljarðar miðað við óbreytt útlán.

Miðað við árlegt framlag úr ríkissjóð 1,75 milljarðar króna sem er það sama og fjárlög gera ráð fyrir á árinu 1991 og að þeirri fjárförf sem á vantar verði mætt með lántökum (reiknað er með að slík lán séu til 10 ára og beri 6% vexti) fæst sú niðurstaða að Lánasjóðurinn mun stöðugt þurfa að taka hærri lán og verður svo komið árið 2014 að vaxtagjöld verða orðin 3,9 milljarðar sem er hærri fjárhæð en útlán. Þannig skapast í raun vítahringur stigaukinna lántaka og vaxtagjalda.

Kostnaður lækkar hinsvegar ef gert er ráð fyrir að fjármagna útlán sjóðsins alfarið með ríkisframlögum án þess að tekin séu lán. Hér fæst sú niðurstaða að ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til 4,8 milljarða króna á árinu 1991. Stærsti hluti þessa fjár fer til fjármögnunar kerfisins og kemur þannig í stað lánsfjár. Framlög fara síðan smám saman lækkandi niður í um 800 milljónir króna. Þessi fjárhæð samsvarar árlegum kostnaði sjóðsins vegna rekstrar og affalla veittra námslána vegna takmarkana á endurgreiðslum.

- Styrkir vegna takmarkana á endurgreiðslum.

Vegna endurgreiðslureglna eru námslán að hluta til styrkir. Endurgreiðsla er nú takmörkuð við 40 ár og 3,75% af tekjum. Þetta þýðir að um 19% af veittum námslánum eru í raun styrkir eða um 4,9 milljarðar króna af útistandandi lánum í árslok 1990.

- Styrkir vegna vaxtaniðurgreiðslna.

Námslán eru verðtryggð en bera hins vegar enga vexti. Ef námslán eru borin saman við skuldabréf á almennum markaði kemur í ljós að vaxtaniðurgreiðsla ríkissjóðs á námslánum er veruleg. Ef gerð er 6% ávöxtunarkrafa til fjármagns verða afföll af útistandandi námslánum í árslok 1990 rúmir 9,8 milljarðar króna.

- Mat á afskriftahlutföllum v/takmarkana á endurgreiðslum.

Þau afskriftahlutföll sem notuð hafa verið á undanförunum árum í reikningsskilum Lánasjóðsins eru í nokkuð góðu samræmi við niðurstöður þess útreiknings sem gerður var á eldri lánnum sjóðsins. Hins vegar virðast þessi hlutföll vera að breytast þar sem afskriftarhlutfall T-lána (þ.e. lán þeirra sem nú stunda nám) virðist vera hærra en S- lána. Aðföll af T-lánnum virðist vera rúm 16% en í reikningsskilum er notað 10%. Skýringu á þessari breytingu er líklega að leita í lengingu þess tíma sem námsmenn eru á námslánnum. Ástæður þessa voru hins vegar ekki kannaðar sérstaklega og er látið nægja að benda á þetta hér.

- Vaxtaniðurgreiðslur eru ekki sýndar í ársreikningi.

Vaxtaniðurgreiðslur hafa ekki verið dregnar fram í ársreikningum sjóðsins. Þetta er í samræmi við þá reikningsskilavenju sem viðhöfð hefur verið hjá stofnunum og sjóðum sem fjármagna svipaðar niðurgreiðslur með ríkisframlögum. Ríkisendurskoðun telur að samræmis verði að gæta í framsetningu á ársreikningum sjóða sem fá veruleg ríkisframlög. Ekki er talið rétt að breyta framsetningu þessa atriðis einungis fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna heldur þarf að skoða þessa framsetningu fyrir alla sjóði sem eru í svipaðri stöðu.

- Fjárvöntun á árinu 1991 virðist stefna í að verða 300 til 400 milljónir króna.


Misræmi er á ráðgerðum útlánnum skv. fjárlögum og útlánareglum sjóðsins. Ekki hafa verið gerðar breytingar á útlánareglum sjóðsins þannig að öll skerðing námslána mun koma á síðari hluta ársins. Ákvörðun þarf að taka sem fyrst um það hvernig breyta eigi lánareglum sjóðsins þannig að ná megi fram þeim niðurskurði sem fjárlög gera ráð fyrir. Ef þetta er ekki gert verður að hækka fjárheimild sjóðsins í fjáráukalögum.

1 ÚTISTANDANDI NÁMSLÁN


1.1 ÞRÓUN Á UNDAFÖRNUM ÁRUM.

Eins og sést á meðfylgjandi myndum 1 og 2 hefur framlag til sjóðsins verið nokkuð sveiflukennt. Á síðastliðnum áratug hefur hlutfall ríkisframlaga í fjármögnun sjóðsins sveiflast frá 50% til 90%. Sveiflur þýða í raun að á sumum árum hefur verið greitt meira en sem svarar kostnaði við námslánakerfið og önnur ár hefur verið greitt minna. Önnur sjónarmið, en kostnaður við námslánakerfið, virðast því hafa ráðið ferðinni í fjárveitingum ríkisins til sjóðsins t.d. hvað stjórnvöld hafa verið tilbúin til þess að gjaldfæra í fjárlögum og ríkisreikningi á hverjum tíma.

Í árslok 1990 var eigið fé sjóðsins rúmir 13,3 milljarðar króna. Á afskriftareikning útlána hafa verið færðir 3,9 milljarðar króna.



Mynd 1





Mynd 2

1.2 DREIFING NÁMSLÁNA


Í árslok 1990 átti Lánasjóðurinn kröfu á tæplega 24 þúsund einstaklinga. Lætur því nærri að einn af hverjum 11 landsmönnum sé í skuld við sjóðinn. Útistandandi námslán námu samtals um 25 milljörðum króna. Sú fjárhæð er síðan færð niður um 3,9 milljarða króna í ársreikningi vegna lána sem ekki munu innheimtast að fullu vegna takmarkana sem eru á endurgreiðslum.

Dreifing útlána sjóðsins í árslok 1990 eftir fjölda og fjárhæð eftirstöðva er eins og myndir 3 og 4 sýna. Af mynd 3 má ráða að um 60 prósent lántakenda skulda innan við 1 milljón króna. Aðeins um 1 prósent skuldar 5 milljónir króna eða meira. Mesta skuld einstaklings við sjóðinn er ríflega 12 milljónir króna.





Mynd 4



Mynd 5

1.3 FLOKKUN NÁMSLÁNA

Lánaflokkar Lánasjóðsins eru eftirfarandi:

L-LÁN:

Í þessum flokki lána eru óverðtryggð lán sem veitt voru á árunum 1967-1975 á grundvelli laga nr. 7/1967. Vextir eru 5%. Endurgreiðsla hófst 5 árum eftir námslok og er hámarksendurgreiðslutími 15 ár.

Eftirstöðvar þessara lána voru í árslok 1990 rúmar 5 milljónir króna. Þar sem mat á eftirstöðvum þessa lánaflakks hefur litla sem enga þýðingu fyrir stöðu Lánasjóðsins fór ekki fram mat á afskriftapörf vegna hans.

V-LÁN:

Í þessum flokki eru lán sem veitt voru á árunum 1976-1982 á grundvelli laga nr. 57/1976 um námslán og námsstyrki.

Lánin eru verðtryggð en vaxtalaus. Endurgreiðsla hófst 3 árum eftir námslok og er hámarksendurgreiðslutími 20 ár.

Staða þessa lánaflakks í árslok 1990 nam 4.606 milljónum króna. Til viðbótar voru í vanskilum 58 milljónir króna. Fjöldi skuldara í þessum flokki er 8.238.

Lán í þessum flokki voru nefnd X-lán á meðan á námi stóð en að námi loknu voru öll X-lánin sameinuð í eitt V-lán fyrir hvern námsmann.

Staða V-lána í árslok 1990:

Fjöldi	Eftirstöðvar	Vanskil	Föst afborgun	Tekjutengd afborgun
8238	4.606.294.110	58.091.329	126.570.665	106.072.113

T- OG S-LÁN:

Í þessum flokki eru lán sem veitt hafa verið frá árinu 1982 í samræmi við lög nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki.

Lánin eru verðtryggð en vaxtalaus. Endurgreiðsla hefst 3 árum eftir námslok og er hámarksendurgreiðslutími 40 ár.

Lán í þessum flokki eru nefnd T-lán meðan á námi stendur en S-lán þegar námi er lokið og endurgreiðslur hefjast.

Í árslok 1990 voru útistandandi í S-lánum 6.058 milljónir króna hjá 7.713 einstaklingum. Til viðbótar voru í vanskilum 57 milljónir króna. Útistandandi í T-lánum voru 14.707 milljónir króna hjá 12.329 einstaklingum.

Staða S- og T-lána í árslok 1990:

	Fjöldi	Eftirstöðvar	Vanskil	Föst afborgun	Tekjutengd afborgun
S-lán	7713	6.057.672.810	56.847.597	100.505.331	164.051.637
T-lán	12329	14.707.174.170			

2 FORSENDUR FRAMREIKNINGS Á STÖÐU OG FJÁRFÖRF

Ýmsar forsendur liggja að baki þeim útreikningum á endurgreiðslum námslána sem gerðir voru, (sjá allar töflur í viðauka og niðurstöður í kafla 3). Þykir því rétt að gera hér grein fyrir þessum forsendum. Sjálfsagt er að ítreka það sem fyrr var sagt, að engin leið er að spá af öryggi um þróun ýmissa stærða sem áhrif hafa á endurgreiðslur. Eðli þessara útreikninga er slíkt að óvissan eykst eftir því sem lengra líður fram í tímann. Ber að hafa þetta í huga þegar niðurstöður greinargerðarinnar eru skoðaðar.

2.1 AUKNING KAUPMÁTTAR VEGNA ÁHRIFA HAGVAXTAR

Vegna þess hve afborgun láns er háð tekjum er í útreikningi gengið út frá því að tekjutengd afborgun hækki um 1% á ári vegna aukningar á kaupmætti ráðstöfunartekna. Forsenda þessi er byggð á spá Þjóðhagsstofnunar fyrir næstu ár. Spá þessa er að finna í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1991 (bls. 35). Rétt er að geta þess að spá Þjóðhagsstofnunar nær einungis til ársins 1996 en í þessu dæmi er verið að reikna til 40 ára.

Þessi forsenda hefur mjög mikil áhrif á áætlaðar endurgreiðslur námslána. Ef gert væri ráð fyrir 2% aukningu á kaupmætti myndi afskriftapörf sjóðsins lækka um 1 milljarð króna eða 3-4% af útlánum. Þannig hefur mat manna á þróun þessara mála töluverða þýðingu um mat á framtíðarstöðu sjóðsins.

2.2 TAKMARKANIR Á ENDURGREIÐSLUM LÁNA


Reiknað er með eftirfarandi takmörkunum á endurgreiðslum námslána:

- Heildarafborgun er takmörkuð við 3,75% af tekjum.
- Afborgunartími S-lána takmarkast við 40 ár.
- Afborgunartími V-lána takmarkast við 20 ár.
- Endurgreiðslur hefjast ekki fyrr en 3 árum eftir námslok.

Takmarkanir þessar hafa verið settar í lögum og reglugerðum um sjóðinn.

2.3 PRÓUN ÆVITEKNA

Þar sem tekjur breytast nokkuð með aldri er tekið tillit til þess í útreikningi á endurgreiðslum námslána. Stuðst var við könnun Þjóðhagsstofnunar á "Tekjuþróun og tekjudreifingu á árinu 1989" sem birt var í fréttabréfi stofnunarinnar nr. 10/1990 (sjá mynd 6).



Mynd 6

2.4 DÁNARTÍÐNI

Í reglugerð um lánasjóðinn segir í 38. gr.:

"Endurgreiðslur sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast falla sjálfkrafa niður. Hugsanlegar kröfur sjóðsins í dánarbú geta því eingöngu snúist um fyrri endurgreiðslur."

Þar sem ekki eru gerðar kröfur í dánarbú verður að afskrifa hluta af námslánum með tilvísun til dánartíðni lánþega. Í Hagtíðindum frá nóvember 1990 (bls. 414), er að finna dánartíðni ársins 1989 sem hér er stuðst við.

Dánir á hverja 1000 íbúa á ári.				
Aldur	Karlar	Konur	Meðaltal	Hlutfall lifenda
20 - 24	1,1	0,3	0,70	0,99930
25 - 29	1,2	0,5	0,85	0,99915
30 - 34	0,8	0,5	0,65	0,99935
35 - 39	1,3	0,8	1,05	0,99895
40 - 44	2,0	0,9	1,45	0,99855
45 - 49	3,5	2,1	2,80	0,99720
50 - 54	5,7	3,5	4,60	0,99540
55 - 59	8,8	5,2	7,00	0,99300
60 - 64	13,4	9,1	15,85	0,98415
65 - 69	22,9	12,5	17,70	0,98230
70 - 74	37,2	23,0	30,10	0,96990
75 - 79	63,9	40,4	52,15	0,94785
80 - 84	99,1	67,9	83,50	0,91650

Gert er ráð fyrir að hlutur karla og kvenna verði jafn í lántökum hjá sjóðnum.

2.5 VANSKIL

Vanskil við sjóðinn voru eftirfarandi í árslok 1990:

	Eftirstöðvar útlána	Vanskil	Hlutfall
V-lán	4.606.294.110	58.091.329	1,26%
S-lán	6.057.672.810	56.847.597	0,94%

Við nánari skoðun á þessum vanskilum kom í ljós að stærstur hluti þeirra er tilkominn vegna afborgana með gjalddaga í september 1990. Ætla má að stærstur hluti þessara vanskila muni innheimtast, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að innheimtuúrræði sjóðsins eru bæði lögtak og að fella megi allt námslánið í gjalddaga ef um vanskil er að ræða.

Í 35. og 36. gr. reglugerðar um Lánasjóðinn eru að finna ákvæði um að veita megi undanþágur frá greiðslu afborgana ef um alvarleg veikindi, slys eða varanlega fjárhagsörðugleika er að ræða.

Gefin er sú forsenda að árlega muni tapast 0,5% vegna vanskila af ofangreindum sökum.

2.6 TEKJUMUNUR KARLA OG KVENNA

Mismunur á tekjum karla og kvenna er verulegur. Breyting á atvinnuþátttöku kvenna og spurningin um það hvort konur muni í auknum mæli sækja í betur launuð störf á komandi árum gæti haft veruleg áhrif á endurgreiðslur til sjóðsins. Ekki var gerð tilraun til að spá um þróun þessara mála á næstu árum. Gengið er því út frá óbreyttu ástandi þ.e. að fjöldi og fjárhæðir námslána til karla og kvenna verði svipaður næstu árin og meðaltalslaun karla og kvenna breytist ekki. Þessi forsenda getur hins vegar verið nokkuð varasöm ef tekið er tillit til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á þessum málum á síðustu árum.

2.7 ÁRLEG ÚTLÁNAPÖRF


Við mat á fjárförf er gengið út frá núgildandi útlánareglum. Nokkurt misræmi er á milli áætlaðra lánveitinga eins og þær birtast í fjárlögum ársins 1991 og mati á fjárförf sjóðsins miðað við lánveitingar skv. óbreyttum útlánareglum. Í fyrsta lagi virðist fjárförf sjóðsins á árinu 1991 vera um 100-200 milljónum krónum meiri en fram kom í fjárlagafrumvarpi. Í öðru lagi voru útlán námslána skorin niður um 200 milljónir við 3. umræðu Alþingis um fjárlagafrumvarpið. Forsendur fyrir þessum niðurskurði eru ekki fyrir hendi í núverandi útlánareglum sjóðsins og er fyrirsjáanlegt að lánareglunum verður ekki breytt á vorönn 1991.

Þar sem veruleg óvissa ríkir um fyrirhugaðan 300-400 milljóna kr. niðurskurð námslána á haustönn 1991 er gengið út frá núgildandi lánareglum í stað fjárlaga. Því má gera ráð fyrir að miðað við óbreyttar útlánareglur verði veittir rúmlega 3,8 milljarðar króna í ný lán og 80 milljónir króna í ferðastyrki á árinu 1991, samtals rúmlega 3,9 milljarðar króna.

Talið er líklegt að umsvif sjóðsins vaxi nokkuð á næstu árum. Í útreikningi var gert ráð fyrir 2,5% aukningu útlána á ári til ársins 2010. Þetta er samhljóða mati á þróun sjóðsins sem fram kemur í skýrslu nefndar um framtíðarverkefni LÍN sem út var gefin í júlí 1990.

Eftirfarandi eru þau atriðum sem talin eru skipta mestu máli í þróun útlána hjá Lánasjóðinum á næstu árum:

- Fjölgun lánþega vegna aukinnar ásóknar í nám:
Lánþegum hefur fjölgað verulega á undanförunum árum. Fjölgun lánþega á komandi árum er fyrirsjáanleg vegna aukinnar ásóknar í nám. Þessi fjölgun mun ekki koma til vegna stærri árganga (sjá mynd 7), heldur vegna þess að aukinn hundaðshluti úr hverjum árgangi mun sækja í lánshæft nám.



Mynd 7

- Breyting á því námi sem stundað er:
Vegna breytinga á reglum um hvað telst vera lánshæft nám svo og fjölgunar námsbrauta í skólum innanlands virðist þróun næstu ára vera í þá átt að í auknum mæli verði lánað til náms innanlands, náms sem annars hefði verið stundað erlendis.
- Stærri hluti námsmanna tekur lán:
Nú munu einungis um 60% námsmanna við Háskóla Íslands taka lán hjá Lánasjóðnum. Búast má við að þetta hlutfall geti hækkað á næstu árum.
- Námslán eru tekin til fleiri ára:
Mjög algengt er að námsmenn nýti sér ekki rétt til námslána öll árin sem þeir eru í lánshæfu námi t.d. taka ekki lán á fyrsta ári í námi. Þetta kann hins vegar að breytast á komandi árum.
- Aukning endurmenntunar og fullorðinsfræðslu:
Fyrirsjáanlegt er að í náninni framtíð mun verða aukin ásókn í lánsfé hjá sjóðnum. Þar sem fram hafa komið körfur um að endurmenntun af ýmsu tagi verði metin sem lánshæft nám. Má í þessu sambandi

benda á frumvarp til laga um almenna fullorðinsfræðslu sem lagt var fyrir síðasta þing.

Í fyrstu grein frumvarpsins kemur m.a. fram að:

"Markmið laga þessara er að:

a. Stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar.

b. Fullorðnir hafi hliðstæð tækifæri til náms og nemendur í grunn- og framhaldsskólum....."

Einnig mætti benda á annað frumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi. Þetta er frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki. Þar er lagt til að:

"Jafnframt er heimilt að veita einstæðum foreldrum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms óháð aldri þeirra og eðlis námsins."

Ef frumvörp sem þessi verða samþykkt mun það þýða að fleiri skólar og námsbrautir verða taldir bjóða lánshæft nám og þar af leiðandi fleiri einstaklingar taldir lánshæfir hjá sjóðnum.

Hagstæð áhrif fyrrgreindrar þróunar verða líklega:

- Meðallán á hvern námsmann mun lækka vegna aukins náms innanlands á kostnað náms erlendis.
- Námslán munu endurgreiðast fyrr.

Óhagstæð áhrif ofangreindrar þróunar verða líklega:

- Aukin fjármagnsþörf vegna fjölgunar lánþega.
- Auknar afskriftir vegna eldri lánþega þ.e. lánþegar komnir eru yfir miðjan aldur er þeir ljúka námi og mun ekki endast ævin til þess að greiða aftur til baka nema hluta af námslánunum.

Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um fjölgun lánþega eru reiknuð tvö dæmi hér á eftir, annars vegar með óbreyttri útlánaþörf og hins vegar miðað við 2,5% aukningu útlána (og ferðastyrkja) fram til ársins 2010.

2.8 ENDURGREIÐSLUR ÞEIRRA SEM NÚ ERU Í NÁMI

Gert er ráð fyrir að afborganir þeirra sem nú eru í námi verði eftirfarandi.

V-lán	31.000 kr. á ári.
S og T-lán	44.000 kr. á ári.

Tölur þessar eru byggðar á meðalafborgunum ársins 1990 færðar til janúarverðlags 1991.


Útreikningur á endurgreiðslum lána sem veitt verða á næstu árum er byggður á dreifingu innborgana eldri T-lána þ.e. gert er ráð fyrir að samsetning lánþegahópsins verði svipuð og hún er í dag. Einnig er gert ráð fyrir að meðalnámsmaðurinn sé 2 ár á námslánum.

2.9 VAXTAKRAFA

Í öllum útreikningum bæði við núvirðisreikning og hvað varðar vaxtagjöld af teknum lánum er notast við 6%. Þetta er nokkuð lægri tala en meðalvextir á teknum lánum eru í dag. Talið er að meðalvextir í dag séu hærrí en búast má við þegar til lengri tíma er litið. Í þessu sambandi skal á það minnt að vextir á útgefnum húsbréfum, en þau eru til 25 ára, eru nú 6%.

Reyndar má færa fyrir því nokkur rök að 6% vextir á ríkistryggðum skuldabréfum hljóti að teljast í hærra lagi. Benda má á að samsvarandi vextir í nálægum löndum eru nokkru lægri. Virðist mega gera ráð fyrir að vextir hér eigi eftir að lækka á næstu árum til samræmis við þetta, sérstaklega ef íslenskt hagkerfi tengist hagkerfum annarra landa nánar en nú er.

Áhrif hvers prósentustigs í vöxtum á kostnað við námslánakerfið eru veruleg eins og sést á mynd 8.



Mynd 8

3 NIÐURSTÖÐUR FRAMREIKNINGS Á STÖÐU OG FJÁRÞÖRF

3.1 ÚTLÁNUM HÆTT Í ÁRSLOK 1990

Í þessu dæmi er gengið út frá því að Lánasjóðurinn hefði hætt að veita námslán í árslok 1990. Jafnframt er gengið út frá því að allir námsmenn sem eru í námi muni hefja endurgreiðslur eftir 3 ár. Ekkert tillit er tekið til útistandandi lánsloforða vegna vorannar 1991 og ekki gert ráð fyrir neinum ríkisframlögum á árinu 1991. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld sjóðsins fari stíglækkandi vegna minnkandi umsvifa. Þetta dæmi er sett fram hér í þeim tilgangi að sýna stöðu sjóðsins um þessar mundir.

Útreikningar leiða í ljós að Lánasjóðinn kemur til með að skorta fé fyrstu 8 árin, samtals 4,9 milljarða króna vegna mikilla skulda sjóðsins. Eftir það munu endurgreiðslur af lánum skila sjóðnum hærrí fjárhæðum en fara í útborganir. Endurgreiðslum lýkur á árinu 2033 og nema innborganir umfram útborganir þá 9,1 milljarði króna. (sjá viðauka 1.)

Af þessu sést að staða sjóðsins er nokkuð góð, þ.e. sjóðurinn getur staðið við allar skuldbindingar sínar og skilað nokkru fé í ríkissjóð ef honum væri lokað nú.

3.2 ÚTLÁNUM HALDIÐ ÁFRAM Í SAMRÆMI VIÐ NÚGILDANDI ÚTLÁNAREGLUR

Hér er gert ráð fyrir að árlega verði veittir rúmlega 3,8 milljörðum króna í ný lán og 80 milljónum króna í ferðastyrki, samtals rúmlega 3,9 milljörðum króna (sjá kafla 2.7).

Gert er ráð fyrir árlegum rekstrarkostnaði að fjárhæð 70 milljónir króna.

Reiknuð eru þrjú mismunandi tilvik miðað við óbreytt útlán:

3.2.1 Árlegt framlag úr ríkissjóð verði 1,75 milljarðar króna sem er það sama og fjárlög gera ráð fyrir á árinu 1991. Þeirri fjárförf sem á vantar verði mætt með lántökum. Reiknað er með að slík lán séu til 10 ára og beri 6% vexti.

Niðurstaða:

Lánasjóðurinn mun stöðugt þurfa að taka hærri lán og verður svo komið árið 2014 að vaxtagjöld verða orðin 3,9 milljarðar sem er hærri fjárhæð en útlán. Þannig skapast í raun vítahringur stigaukinna lántaka og vaxtagjalda. (sjá viðauka 2.)

3.2.2 Fjárförf sjóðsins verði alfarið mætt með ríkisframlagi.

Niðurstaða:

Hér fæst sú niðurstaða að ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til 4,8 milljarða króna á árinu 1991. Stærsti hluti þessa fjár fer til fjármögnunar kerfisins og kemur þannig í stað lánsfjár. Framlög fara síðan smám saman lækkandi niður í um 800 milljónir króna. Þessi fjárhæð samsvarar árlegum kostnaði sjóðsins vegna rekstrar og affalla veittra námslána vegna takmarkana á endurgreiðslum. (sjá viðauka 3.)

3.2.3 Veitt verði óafturkræft framlag úr ríkissjóði á því ári sem lán er veitt, en ekkert eftir það.

Niðurstaða:

Ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til um 2,5 milljarða króna óafturkræft framlag á ári. Til viðbótar þarf sjóðurinn að taka að láni fjárhæð sem að fjórum árum liðnum nemur um 1,7 milljörðum króna á ári. (sjá viðauka 4.)

Kostnaður ríkissjóðs við lánveitingu nemur þannig fjárhæð sem er um 66% af lánveitingunni.

Góð eiginfjárstaða Lánasjóðsins um þessar mundir gerir það að verkum að hægt væri að reka sjóðin í eitt ár án ríkisframlaga. (sjá viðauka 5.)

Í heild má segja að aðalvandi sjóðsins felst í því að fjármagna útistandandi námslán sem stefna í að verða um 60 milljarðar króna. Þar sem námslánin eru vaxtalaus fellur allur fjármagnskostnaður af þessari fjárhæð fyrr eða síðar á ríkissjóð.

3.3 ÚTLÁN AUKAST UM 2,5% Á ÁRI TIL ÁRSINS 2010.

Í þessu dæmi er gert ráð fyrir að veitt verði rúmlega 3,8 milljörðum króna í ný lán og að sú fjárhæð vaxi síðan árlega um 2,5% til ársins 2010. Einnig verða veitt 80 milljónum króna í ferðastyrki sem vaxi samsvarandi.

Rekstrarkostnaður eykst um 1% á ári. Vegna hagkvæmni stærðar er þannig gert ráð fyrir minni aukningu rekstrarkostnaðar en sem nemur auknum umsvifum.

Reiknuð voru sömu þrjú tilvik og í kafla 3.2, og fengust eftirfarandi niðurstöður:

3.3.1 Árlegt framlag úr ríkissjóð verði 1,75 milljarðar króna sem er það sama og fjárlög gera ráð fyrir á árinu 1991. Þeirri fjárþörf sem á vantar verði mætt með lántökum. Reiknað er með að slík lán séu til 10 ára og beri 6% vexti.

Niðurstaða:

Sambærileg niðurstaða fæst hér og í tilviki 3.2.1 að því frátöldu að stigmögnun lántöku og vaxtagjalda verður örari. Árið 2015 verða vaxtagjöld orðin 6,5 milljarðar króna sem er hærri fjárhæð en veitt námslán á því ári (sjá viðauka 6).

3.3.2 Fjárþörf sjóðsins verði alfarið mætt með ríkisframlagi.

Niðurstaða:

Ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til 4,8 milljarða króna á árinu 1991. Stærsti hluti þessa fjár fer til fjármögnunar


kerfisins og kemur þannig í stað lánsfjár. Framlög fara síðan smám saman lækkandi niður í um 1,2 milljarða króna eftir 40 ár, en það samsvarar árlegum kostnaði sjóðsins vegna rekstrar og afskrifta veittra lána. (sjá viðauka 7.)

3.3.3 Veitt verði óafturkræft framlag úr ríkissjóði á því ári sem lán er veitt, en ekkert eftir það.

Niðurstaða:

Ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til árlega um 3,2 milljarða króna óafturkræft framlag að meðaltali næstu 20 ár. Til viðbótar þarf sjóðurinn að taka að láni fjárhæð sem nemur um 2,2 milljörðum króna á ári að meðaltali. (sjá viðauka 8.)

Í heild má segja að aðalvandi sjóðsins í þessu tilviki sé að fjármagna útistandandi námslán sem stefna í að verða rúmlega 80 milljarðar króna.



4 MAT Á AFSKRIFTAÞÖRF VEGNA NIÐURFELLINGAR Á EFTIRSTÖÐVUM.

Reglur Lánasjóðsins mæla fyrir um að eftirstöðvar námslána skuli falla niður að 40 árum liðnum fyrir T-lán. Þannig verður fyrr eða síðar að gjaldfæra þann mismun sem er á veittum og innheimtum lánum. Telja verður eðlilegt að gjaldfærslan eigi sér stað um leið og lán er veitt enda lánin að öðrum kosti ofmetin í reikningum sjóðsins. Þessi háttur hefur verið notaður í reikningsskilum Lánasjóðsins.

Þegar lán er veitt er hins vegar ekki ljóst hvernig afborganir muni skila sér og er því nauðsynlegt að áætla hversu stór hluti eftirstöðva lánsins falli niður. Lánasjóðurinn hefur áætlað að 40% af eftirstöðvum eldri lána (V-lána) falli niður en 10% af nýrri lánum (S- og T-lán). Þeir útreikningar sem hér hafa verið gerðir (sjá viðauka 1.) gefa til kynna að innheimtuhlutföll námslána séu eftirfarandi:

	Innheimt	Útlán alls	Innheimtu- hlutfall
V-lán	2.914	4.606	63%
S-lán	5.304	6.058	88%
T-lán	12.286	14.707	84%


Samkvæmt þessu ætti að færa V-lán niður um 37%, S-lán niður um 12% og T-lán um 16%. Þau hlutföll sem Lánasjóðurinn hefur notað eru nokkuð nálægt lagi hvað varðar V- og S-lán. Sérstaklega ef tekið er tillit til þeirrar óvissu sem fylgin er í forsendum útreikningsins.

Ástæða þess að innheimtuhlutfall T-lána er lægra en S-lána skýrist væntanlega af því að hlutfall þeirra sem tekið hafa há lán hefur vaxið. Mjög algengt er að námsmenn nýti sér ekki rétt til námslána öll árin sem þeir eru í lánshæfu námi t.d. taka ekki lán á fyrsta ári í námi. Þetta virðist hins vegar vera að breytast eins og hin mismunandi innheimtuhlutföll T- og S- lána gefa vísbendingu um.

5 MAT Á VAXTANIÐURGREIÐSLU NÁMSLÁNA

Námslán eru verðtryggð en þau bera hins vegar enga raunvexti. Ef námslán eru borin saman við skuldabréf á almennum markaði kemur í ljós að vaxtaniðurgreiðsla ríkissjóðs á námslánum er veruleg. Ef gerð er 6% ávöxtunarkrafa til fjármagns verða afföll af útistandandi námslánum í árslok 1990 rúmir 9,8 milljarðar. (sjá viðauka 9.)

Nafnverð námslána er rúmí 25 milljarðar króna. Nafnverð innborgana er rúmí 20,4 milljarðar, en með núvirðingu miðað við 6% ávöxtunarkröfu verður raunvirði þessara innborgana einungis 10,6 milljarðar króna. Einnig eru áhrif þeirra takmarkana sem sett eru á endurgreiðslu námslána veruleg eða um 4,9 milljarðar (sjá mynd 10).




Mynd 10 6% ávöxtunarkrafa

Ef hins vegar eru ekki gerðar neinar ávöxtunarkröfur til þess fjármagns sem lagt er í sjóðinn lítur dæmið allt öðruvísi út (sjá mynd 11).

Eins og sést ef myndir 10 og 11 eru bornar saman skiptir öllu máli hvort gerð er ávöxtunarkrafa til þess fjármagns sem lagt er í sjóðinn eða ekki.

Fram til þessa hafa ekki verið gerðar ávöxtunarkröfur til þess fjármagns sem lagt hefur verið í námslánakerfið. Það er námslán hafa verið sýnd í ársreikningi Lánasjóðsins á nafnverði en ekki hefur verið tekið tillit til affalla vegna vaxtaniðurgreiðslna. Vaxtaniðurgreiðslur vegna námslána hafa því ekki verið sýndar í ársreikningi.



Mynd 11 Engin ávöxtunarkrafa

Vaxtaniðurgreiðslur sem þessar tíðkast hjá öðrum sjóðum sem eru fjármagnaðir af ríkissjóði. Hjá þeim hefur verið farið með vaxtaniðurgreiðslur á svipaðan hátt og hjá Lánasjóðnum. Það hefur verið til síðs að veita frekar styrki í formi hagstæðra lána frekar en beina styrki, má í þessu sambandi nefna lánveitingar t.d. Byggingasjóðs ríkisins og Byggingasjóðs verkamanna. Samræmis verður að gæta í því á hvern hátt farið er með vaxtaniðurgreiðslur af þessu tagi hjá sjóðum sem eru á vegum ríkisins.

Styrkir sem opinberir sjóðir veita í formi vaxtaniðurgreiðslna til einstaklinga eða fyrirtækja nema verulegum fjárhæðum á ári hverju. Þessir styrkir koma hins vegar ekki fram í ársreikningum þessara sjóða á því ári sem styrkir þessir eru veittir. Ástæða þess er sú að greiðslugrunns sjónarmið fjárlaga hefur ráðið ferðinni í framsetningu á þessu atriði í reikningskilum ríkissjóð.

6 KOSTNAÐUR RÍKISINS VIÐ NÁMSAÐSTOÐ

Ljóst er að eftirtaldir kostnaðarliðir munu falla á ríkissjóð fyrr eða síðar þótt hægt sé að fjármagna þessa liði til bráðabirgða með lánum:

- **Allur rekstrarkostnaður LÍN.**
- **Öll vaxtagjöld LÍN vegna tekinna lána.**
Þessi liður verður mjög stór ef fjármagna á námslánakerfið að stórum hluta til með lánsfé. Ef kerfið er fjármagnað með ríkisframlögum koma vaxtagjöld ekki fram hjá sjóðnum heldur mætti segja að þau kæmu fram með óbeinum hætti hjá ríkissjóði.
- **Allir beinir styrkir**
sem Lánasjóðurinn veitir (ferðastyrkir).
- **Öll afföll sem verða á námslánnum**
hvort sem þau eru tilkomin vegna takmarkana á endurgreiðslum sem settar hafa verið í lögum eða reglugerðum, vaxtaniðurgreiðslna eða vegna þess að kröfur tapast á annan hátt þ.e. vegna vanskila.

Ríkissjóður verður að greiða alla þessa kostnaðarliði því að LÍN hefur engar tekjur og mun fyrirsjáanlega ekki hafa neinar tekjur m.v. núverandi lög.

Þörf á ríkisframlagi má reikna út frá eftirfarandi jöfnu:

$$\text{RÍKISFRANLAG} = \text{REKSTRARKOSTN} + \text{VAXTAGJÖLD} + \text{BEINIR STYRKIR} + 0,6065 * (\text{VEITT LÁN}) - 0,06 * (\text{EIGIÐ FÉ})$$

Margföldunarstuðlarnir í jöfnunni eru fengnir úr viðauka 9. og er miðað við 6% ávöxtunarkröfu. Ef miðað er við 5% ávöxtunarkröfu verða stuðlarnir 0,5622 og 0,05.

Gróflega reiknað má segja að ríkisframlag verði að samsvara um 66% af lánveitingum Lánasjóðsins m.v. 6% ávöxtunarkröfu. Ef ríkisframlagið er lægra en þetta er gengið á eigið fé sjóðsins og ef það er hærra er verið að auka við eigið fé sjóðsins. (sjá viðauka 4.)

VIÐAUKAR

Viðauki 1.

Líkleg þróun inn- og útborgana tímabilið 1991 - 2036 ef veitingu námslána hefði verið hætt þann 31.12.1990 og sjóðurinn lagður niður.

Viðauki 2.

Líkleg þróun inn- og útborgana tímabilið 1991 - 2036 ef útlán héldust óbreytt í 3,8 milljörðum króna og ríkisframlag yrði einnig haldið óbreyttu í 1,75 milljörðum króna.

Viðauki 3.

Líkleg þróun inn- og útborgana tímabilið 1991 - 2036 ef útlán héldust óbreytt í 3,8 milljörðum króna og að fjárförf sjóðsins væri alfarið mætt með ríkisframlögum.

Viðauki 4.

Óafturkræft framlag veitt úr ríkissjóði á því ári sem lán er veitt.

Viðauki 5.

Lánveitingar í eitt ár án ríkisframlags.

Viðauki 6.

Líkleg þróun inn- og útborgana tímabilið 1991 - 2036 ef útlán myndu vaxa um 2,5% á ári til árisins 2010 og ríkisframlag yrði haldið óbreyttu í 1,75 milljörðum króna.

Viðauki 7.

Líkleg þróun inn- og útborgana tímabilið 1991 - 2036 ef útlán myndu vaxa um 2,5% á ári til árisins 2010 og að fjárförf sjóðsins væri alfarið mætt með ríkisframlögum.

Viðauki 8.

Nauðsynleg ríkisframlög til að standa við skuldbindingar sjóðsins.

Viðauki 9.

Afföll m.v. mismunandi ávöxtunarkröfur.

VIÐALKI 3. LÁNVEITINGAR HALDAST ÓBREYTTAR OG FJÁRDÖRF SJÓÐSINS ER ALFARID METT MED RÍKISFRAMLÖGUM.

	INNÞ.V-LÁN	INNÞ.S-LÁN	INNÞ.T-LÁN	INNÞ.NÝ T-LÁN	RÍKISFRANLAG	TEKIN NÝ LÁN	SANTALS TIL RÁÐSTÓFUVAR	REKSTRARKOSTN
1991	258	305	118	0	4,752	0	5,433	70
1992	255	306	237	0	4,567	0	5,365	70
1993	251	300	362	0	4,373	0	5,286	70
1994	243	287	492	0	4,067	0	5,089	70
1995	236	268	617	0	3,866	0	4,987	70
1996	226	256	617	31	3,806	0	4,936	70
1997	214	245	607	93	3,606	0	4,765	70
1998	203	234	593	187	3,209	0	4,426	70
1999	190	223	578	315	2,907	0	4,213	70
2000	175	213	561	476	2,768	0	4,193	70
2001	159	203	537	637	2,509	0	4,045	70
2002	140	192	512	796	2,382	0	4,022	70
2003	114	181	486	950	2,289	0	4,020	70
2004	90	170	461	1,101	2,165	0	3,987	70
2005	66	164	435	1,248	2,074	0	3,987	70
2006	43	160	410	1,388	1,986	0	3,987	70
2007	27	154	383	1,521	1,902	0	3,987	70
2008	16	146	359	1,648	1,818	0	3,987	70
2009	8	136	336	1,768	1,739	0	3,987	70
2010	0	125	312	1,882	1,668	0	3,987	70
2011	0	113	292	1,989	1,593	0	3,987	70
2012	0	103	272	2,089	1,523	0	3,987	70
2013	0	94	254	2,182	1,457	0	3,987	70
2014	0	86	236	2,270	1,395	0	3,987	70
2015	0	80	222	2,351	1,334	0	3,987	70
2016	0	73	209	2,428	1,277	0	3,987	70
2017	0	67	195	2,499	1,226	0	3,987	70
2018	0	61	182	2,565	1,179	0	3,987	70
2019	0	56	169	2,626	1,136	0	3,987	70
2020	0	50	155	2,684	1,098	0	3,987	70
2021	0	45	142	2,739	1,061	0	3,987	70
2022	0	41	130	2,790	1,026	0	3,987	70
2023	0	37	119	2,837	994	0	3,987	70
2024	0	33	109	2,881	964	0	3,987	70
2025	0	29	98	2,922	938	0	3,987	70
2026	0	25	88	2,959	915	0	3,987	70
2027	0	20	78	2,993	896	0	3,987	70
2028	0	15	70	3,024	878	0	3,987	70
2029	0	8	62	3,052	865	0	3,987	70
2030	0	0	54	3,078	855	0	3,987	70
2031	0	0	47	3,101	839	0	3,987	70
2032	0	0	40	3,121	826	0	3,987	70
2033	0	0	34	3,139	814	0	3,987	70
2034	0	0	0	3,156	831	0	3,987	70
2035	0	0	0	3,170	817	0	3,987	70
2036	0	0	0	3,182	805	0	3,987	70
SANTALS	2,914	5,304	12,270	85,867	85,995	0	192,350	3,220

6.00%
Lán til 10 ára (VEX)TIR

AFB ELD LÁNA	VEX ELD LÁNA	AFB NÝ LÁNA	VX NÝ LÁNA	VEITT NY T-LÁN	FERDA-STYRKIR	SANTALS RÁÐSTÖFUN	SANTALS FJÁRDÖRF	FJÁRBINDING
993	452	0	0	3,837	80	5,433	0	20488
993	385	0	0	3,837	80	5,365	0	23008
982	318	0	0	3,837	80	5,286	0	25411
851	251	0	0	3,837	80	5,089	0	27699
805	196	0	0	3,837	80	4,987	0	29879
805	144	0	0	3,837	80	4,936	0	31959
684	93	0	0	3,837	80	4,764	0	34030
388	50	0	0	3,837	80	4,426	0	36073
199	27	0	0	3,837	80	4,213	0	38057
191	16	0	0	3,837	80	4,194	0	39952
53	5	0	0	3,837	80	4,045	0	41727
32	3	0	0	3,837	80	4,021	0	43392
32	1	0	0	3,837	80	4,020	0	44954
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	46423
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	47802
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	49091
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	50291
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	51407
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	52439
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	53392
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	54274
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	55082
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	55819
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	56490
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	57099
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	57647
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	58138
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	58579
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	58972
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	59322
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	59634
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	59909
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	60150
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	60358
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	60535
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	60668
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	60817
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	60928
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	61020
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	61099
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	61168
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	61222
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	61262
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	61290
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	61335
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	61367
0	0	0	0	3,837	80	3,987	0	61386
7,009	1,940	0	0	176,502	3,680	192,351	0	

VIDAUKI 4. ÓAFTURKRÆFT FRAMLAG VEITT ÚR RÍKISSJÓDI Á ÞVI ÁRI SEM NÁMSLÁN ER VEITT

ÁR	Útlán	Rek.k.	F.st.	Vextir	ÚT	Afb.	INN	MISM	R.fr.l.
0	3800	37,50	80		3917,50		0,00	-3917,50	2502,02
1		0,13		84,93	85,06	0,00	0,00	-85,06	0,00
2		0,13		90,03	90,17	0,00	0,00	-90,17	0,00
3		0,13		95,44	95,58	0,00	0,00	-95,58	0,00
4		0,13		101,18	101,31	157,70	157,70	56,39	0,00
5		0,13		97,79	97,93	162,26	162,26	64,33	0,00
6		0,13		93,93	94,07	162,64	162,64	68,57	0,00
7		0,13		89,82	89,95	161,88	161,88	71,93	0,00
8		0,13		85,50	85,64	159,98	159,98	74,34	0,00
9		0,13		81,04	81,18	156,56	156,56	75,38	0,00
10		0,13		76,52	76,65	151,62	151,62	74,97	0,00
11		0,13		72,02	72,15	145,16	145,16	73,01	0,00
12		0,13		67,64	67,77	139,08	139,08	71,31	0,00
13		0,13		63,36	63,50	132,62	132,62	69,12	0,00
14		0,13		59,22	59,35	126,16	126,16	66,81	0,00
15		0,13		55,21	55,34	119,32	119,32	63,98	0,00
16		0,13		51,37	51,50	112,48	112,48	60,98	0,00
17		0,13		47,71	47,84	105,64	105,64	57,80	0,00
18		0,13		44,24	44,37	98,80	98,80	54,43	0,00
19		0,13		40,98	41,11	92,34	92,34	51,23	0,00
20		0,13		37,90	38,03	86,26	86,26	48,23	0,00
21		0,13		35,01	35,14	80,18	80,18	45,04	0,00
22		0,13		32,31	32,44	74,86	74,86	42,42	0,00
23		0,13		29,76	29,89	69,92	69,92	40,03	0,00
24		0,13		27,36	27,49	65,36	65,36	37,87	0,00
25		0,13		25,09	25,22	60,80	60,80	35,58	0,00
26		0,13		22,95	23,08	57,00	57,00	33,92	0,00
27		0,13		20,92	21,05	53,20	53,20	32,15	0,00
28		0,13		18,99	19,12	49,78	49,78	30,66	0,00
29		0,13		17,15	17,28	46,36	46,36	29,08	0,00
30		0,13		15,40	15,54	43,40	43,40	27,86	0,00
31		0,13		13,37	13,50	39,52	39,52	26,02	0,00
32		0,13		11,81	11,94	36,48	36,48	24,54	0,00
33		0,13		10,34	10,47	33,44	33,44	22,97	0,00
34		0,13		8,96	9,09	30,40	30,40	21,31	0,00
35		0,13		7,68	7,81	27,36	27,36	19,55	0,00
36		0,13		6,51	6,64	24,70	24,70	18,06	0,00
37		0,13		5,43	5,56	22,42	22,42	16,86	0,00
38		0,13		4,41	4,55	19,76	19,76	15,21	0,00
39		0,13		3,50	3,63	17,86	17,86	14,23	0,00
40		0,13		2,65	2,78	15,58	15,58	12,80	0,00
41		0,13		1,88	2,01	13,68	13,68	11,67	0,00
42		0,13		1,18	1,31	11,78	11,78	10,47	0,00
43		0,13		0,55	0,68	9,88	9,88	9,20	0,00
44		0,00		0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
45		0,00		0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
46		0,00		0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00

3800 43,20

1759,04 5682,24 3180,22 3180,22

2502,02

Afb.tek. lána	E.st. veitt	E.st. tekin	Innh.hl.Núvirð. rfk.fr.	
-1415,48	3800,00	1415,48		2502,02
-85,06	3800,00	1500,54	0,00%	0,00
-90,17	3800,00	1590,71	0,00%	0,00
-95,58	3800,00	1686,28	0,00%	0,00
56,39	3642,30	1629,89	4,15%	0,00
64,33	3480,04	1565,56	4,27%	0,00
68,57	3317,40	1496,98	4,28%	0,00
71,93	3155,52	1425,06	4,26%	0,00
74,34	2995,54	1350,71	4,21%	0,00
75,38	2838,98	1275,33	4,12%	0,00
74,97	2687,36	1200,36	3,99%	0,00
73,01	2542,20	1127,35	3,82%	0,00
71,31	2403,12	1056,05	3,66%	0,00
69,12	2270,50	986,92	3,49%	0,00
66,81	2144,34	920,11	3,32%	0,00
63,98	2025,02	856,13	3,14%	0,00
60,98	1912,54	795,15	2,96%	0,00
57,80	1806,90	737,35	2,78%	0,00
54,43	1708,10	682,93	2,60%	0,00
51,23	1615,76	631,69	2,43%	0,00
48,23	1529,50	583,47	2,27%	0,00
45,04	1449,32	538,43	2,11%	0,00
42,42	1374,46	496,01	1,97%	0,00
40,03	1304,54	455,98	1,84%	0,00
37,87	1239,18	418,11	1,72%	0,00
35,58	1178,38	382,53	1,60%	0,00
33,92	1121,38	348,62	1,50%	0,00
32,15	1068,18	316,47	1,40%	0,00
30,66	1018,40	285,81	1,31%	0,00
29,08	972,04	256,73	1,22%	0,00
33,86	922,64	222,86	1,30%	0,00
26,02	883,12	196,85	1,04%	0,00
24,54	846,64	172,31	0,96%	0,00
22,97	813,20	149,34	0,88%	0,00
21,31	782,80	128,03	0,80%	0,00
19,55	755,44	108,49	0,72%	0,00
18,06	730,74	90,43	0,65%	0,00
16,86	708,32	73,57	0,59%	0,00
15,21	688,56	58,36	0,52%	0,00
14,23	670,70	44,13	0,47%	0,00
12,80	655,12	31,33	0,41%	0,00
11,67	641,44	19,66	0,36%	0,00
10,47	629,66	9,20	0,31%	0,00
9,20	619,78	0,00	0,26%	0,00
0,00	0,00	0,00	0,00%	0,00
0,00	0,00	0,00	0,00%	0,00
0,00	0,00	0,00	0,00%	0,00

0,00

2502,02

3800,00

65,84%

VIÐNAKI 7. AUKING ÓTLÁNA UM 2,5% Á ÁRI TIL LANSINS 2010 OG SJÓÐURIN ER AD ÖLLU LEITTI FJÁRMAGJADOR MED RIKISFRANGLÖGUM.

→	INNÞ. V-LÁN	INNÞ. S-LÁN	INNÞ. T-LÁN	INNÞ. NÝ T-LÁN	RIKISFRANLAG	TEKIN NÝ LÁN	SAMTALS TIL RÁÐSTOFNAR	TAX	AFB ELD LÁNA	VEK ELD LÁNA	lán til 10 ára		VEITNÝ LÁNA	VEITTRIR FERÐASTYRKIR	SAMTALS RÁÐSTOFN	SAMTALS FJÁRÞÖRF	FJÁRÞINGING
											AFB NÝ LÁNA	VX NÝ LÁNA					
1991	258	305	118	0	4,752	0	5,433	70	993	652	0	3,837	80	5,433	0	20,428	
1992	255	306	237	0	4,666	0	5,466	71	993	385	0	3,933	82	5,466	0	25,491	
1993	251	300	382	0	4,373	0	5,466	71	982	318	0	4,031	64	5,486	0	27,942	
1994	243	287	492	0	4,370	0	5,392	72	851	251	0	4,132	86	5,392	0	30,367	
1995	236	268	617	0	4,276	0	5,397	73	805	196	0	4,235	88	5,397	0	32,779	
1996	226	256	617	31	4,225	0	5,455	74	805	144	0	4,341	91	5,454	0	35,271	
1997	214	243	607	95	4,233	0	5,394	74	684	93	0	4,450	93	5,394	0	37,823	
1998	203	231	593	197	3,943	0	5,170	75	388	50	0	4,561	95	5,170	0	40,461	
1999	190	223	578	340	3,764	0	5,075	76	199	27	0	4,675	97	5,074	0	42,971	
2000	175	213	561	526	3,700	0	5,175	77	191	16	0	4,792	97	5,175	0	45,474	
2001	159	203	537	721	3,530	0	5,150	77	53	10	0	4,912	100	5,150	0	47,972	
2002	140	192	512	923	3,485	0	5,252	78	32	3	0	5,034	102	5,252	0	50,465	
2003	114	181	486	1,130	3,469	0	5,380	79	32	1	0	5,160	108	5,380	0	52,820	
2004	90	170	461	1,342	3,417	0	5,480	80	0	0	0	5,289	110	5,479	0	55,150	
2005	66	164	435	1,558	3,392	0	5,615	80	0	0	0	5,422	113	5,615	0	57,450	
2006	43	160	410	1,776	3,365	0	5,754	81	0	0	0	5,557	116	5,754	0	59,677	
2007	27	154	383	1,996	3,337	0	5,897	82	0	0	0	5,696	119	5,897	0	61,869	
2008	16	146	339	2,216	3,308	0	6,043	83	0	0	0	5,838	122	6,043	0	64,022	
2009	8	136	336	2,438	3,275	0	6,193	84	0	0	0	5,984	125	6,193	0	66,077	
2010	0	125	312	2,659	3,251	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	68,119	
2011	0	113	292	2,880	3,061	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	69,951	
2012	0	103	272	3,101	2,871	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	71,595	
2013	0	94	254	3,321	2,678	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	73,042	
2014	0	86	236	3,540	2,484	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	74,277	
2015	0	80	222	3,759	2,285	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	75,353	
2016	0	73	209	3,981	2,184	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	76,528	
2017	0	67	195	4,194	2,090	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	77,943	
2018	0	61	182	4,400	2,003	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	79,443	
2019	0	56	169	4,599	1,923	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	80,977	
2020	0	50	155	4,791	1,850	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	82,521	
2021	0	45	142	4,978	1,781	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	84,065	
2022	0	41	130	5,166	1,716	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	85,609	
2023	0	37	119	5,354	1,655	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	87,153	
2024	0	33	109	5,542	1,598	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	88,697	
2025	0	29	98	5,730	1,549	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	90,241	
2026	0	25	88	5,918	1,503	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	91,785	
2027	0	20	78	6,106	1,464	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	93,329	
2028	0	15	70	6,294	1,428	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	94,873	
2029	0	8	62	6,482	1,397	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	96,417	
2030	0	0	54	6,670	1,372	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	97,961	
2031	0	0	47	6,858	1,343	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	99,505	
2032	0	0	40	7,046	1,317	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	101,049	
2033	0	0	34	7,234	1,294	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	102,593	
2034	0	0	0	7,422	1,269	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	104,137	
2035	0	0	0	7,610	1,247	0	6,346	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	105,681	
2036	0	0	0	7,798	1,226	0	6,347	85	0	0	0	6,134	128	6,346	0	107,225	
SAMTALS	2,914	5,304	12,270	131,976	123,096	0	275,560	3,740	7,009	1,940	0	257,499	5,369	275,558	0	82,882	

VIÐAUKI 8. NAUÐSYNLEG RÍKISFRAMLÖG TIL AÐ STANDA VIÐ

Ár	Útlán	ÓBREYTT ÚTLÁN:		Ríkis- framlag
		Ferða-Nettóútb- styrkir v/eldri lána		
1991	3800	80	0	2508
1992	3800	80	0	2508
1993	3800	80	0	2508
1994	3800	80	0	2508
1995	3800	80	0	2508
1996	3800	80	0	2508
1997	3800	80	0	2508
1998	3800	80	0	2508
1999	3800	80	99	2409
2000	3800	80	104	2404
2001	3800	80	242	2266
2002	3800	80	337	2171
2003	3800	80	402	2106
2004	3800	80	524	1984
2005	3800	80	527	1981
2006	3800	80	528	1980
2007	3800	80	531	1977
2008	3800	80	525	1983
2009	3800	80	492	2016
2010	3800	80	449	2059
Samt.	76000	1600	4760	45400
M.t.	3800	80	238	2270

SKULDBINDINGAR SJÓÐSINS

ÚTLÁN AUKAST UM 2,5% Á ÁRI:

Útlán Ferða-Nettóútb Ríkis-
styrkir v/eldri framlag
lána

3800	80	0	2508
3895	82	0	2571
3992	84	0	2635
4092	86	0	2701
4194	88	0	2768
4299	91	0	2838
4407	93	0	2909
4517	95	0	2981
4630	97	99	2957
4746	100	104	3028
4864	102	242	2968
4986	105	337	2954
5111	108	402	2971
5238	110	524	2933
5369	113	527	3017
5504	116	528	3104
5641	119	531	3192
5782	122	525	3291
5927	125	492	3420
6075	128	449	3560
97070	2044	4760	59306
4853	102	238	2965

VIÐAUKI 9. AFFÖLL M.V. NISMLANDI ÁVÖXTUNARKRÖFUR.

	Innborganir V-LÁN	Innborganir S-LÁN	Innborganir T-LÁN	SAMTALS EFTIRSTÖÐVAR
1990	0	0	0	20,488
1991	258	305	118	19,925
1992	255	306	237	19,364
1993	251	300	362	18,451
1994	243	287	492	17,429
1995	236	268	617	16,308
1996	226	256	617	15,209
1997	214	245	607	14,143
1998	203	234	593	13,113
1999	190	223	578	12,122
2000	175	213	561	11,173
2001	159	203	537	10,274
2002	140	192	512	9,430
2003	114	181	486	8,649
2004	90	170	461	7,928
2005	66	164	435	7,263
2006	43	160	410	6,650
2007	27	154	383	6,086
2008	16	146	359	5,565
2009	8	136	336	5,085
2010	0	125	312	4,648
2011	0	113	292	4,243
2012	0	103	272	3,868
2013	0	94	254	3,520
2014	0	86	236	3,198
2015	0	80	222	2,896
2016	0	73	209	2,614
2017	0	67	195	2,352
2018	0	61	182	2,109
2019	0	56	169	1,884
2020	0	50	155	1,679
2021	0	45	142	1,492
2022	0	41	130	1,321
2023	0	37	119	1,165
2024	0	33	109	1,023
2025	0	29	98	896
2026	0	25	88	783
2027	0	20	78	685
2028	0	15	70	600
2029	0	8	62	530
2030	0	0	54	476
2031	0	0	47	429
2032	0	0	40	389
2033	0	0	34	355
2034	0	0	0	355
2035	0	0	0	355
2036	0	0	0	0
Endurgreiðslur samtals	2,914	5,304	12,270	20,488
Nafnverð skuldabrá. samtals	4,606	6,058	14,707	25,371
Núvirði endurgr(NPV 4%)	2,246	3,442	7,208	12,896
Afföll v/takm. á endurgr	1,692	754	2,437	4,883
Afföll v/vaxtaniðurgr.	668	1,862	5,062	7,592
Afföll samtals f %	51.23%	43.19%	50.99%	49.17%
Núvirði endurgr(NPV 5%)	2,117	3,144	6,438	11,699
Afföll v/takm. á endurgr	1,692	754	2,437	4,883
Afföll v/vaxtaniðurgr.	797	2,160	5,832	8,789
Afföll samtals f %	54.05%	48.10%	56.22%	53.89%
Núvirði endurgr(NPV 6%)	1,998	2,889	5,788	10,676
Afföll v/takm. á endurgr	1,692	754	2,437	4,883
Afföll v/vaxtaniðurgr.	916	2,415	6,482	9,812
Afföll samtals f %	56.61%	52.31%	60.65%	57.92%
Núvirði endurgr(NPV 7%)	1,891	2,669	5,234	9,794
Afföll v/takm. á endurgr	1,692	754	2,437	4,883
Afföll v/vaxtaniðurgr.	1,023	2,635	7,036	10,694
Afföll samtals f %	58.95%	55.94%	64.41%	61.39%
Núvirði endurgr(NPV 8%)	1,792	2,478	4,759	9,028
Afföll v/takm. á endurgr	1,692	754	2,437	4,883
Afföll v/vaxtaniðurgr.	1,122	2,826	7,511	11,460
Afföll samtals f %	61.10%	59.10%	67.64%	64.42%